

# Afbrotatölfræði 2015

1. janúar–31. desember 2015

## Bráðabirgðatölur

Útgefið af:

Ríkislögreglustjórnin

<http://www.rls.is>

<http://www.logreglan.is>

Útgefið í janúar 2016



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

---

Umsjón:


Guðbjörg Bergsdóttir og Guðrún Baldursdóttir

Rannsóknir og þróun




## Þróun afbrota árið 2015 - bráðabirgðatölur

Hér eru birtar bráðabirgðatölur um fjölda skráðra afbrota á landsvísi hjá lögreglu á árinu 2015<sup>1</sup>. Samanburðartölur eru staðfestar tölur síðustu ára<sup>2</sup> en um er að ræða hegningarlaga brot<sup>3</sup> og sérrefsilaga brot. Þegar litið er til þróunar á hegningarlaga brotum síðustu 10 ár þá náði fjöldinn hámarki árið 2009, en fór stöðugt fækkandi frá því ári fram til 2014, en voru fleiri 2015 (12.002 brot). Brotafjöldinn er þó svipaður og árið 2012, og brotin færri en yfir tímabilið 2006-2011. Sérrefsilaga brot voru rúmlega 4.500, eða 10% færri 2015 en 2014. Árið 2015 voru umferðarlaga brot rúm 54.000. Brot sem tekin voru á sjálfvirkar stafrænar hraðamyndavélar eru um 80% allra umferðarlaga brota, en voru 75% árið 2014 og 35% árið 2013.



Mynd 1. Fjöldi brota árin 2006 til 2015 eftir brotaflokkum og aukning/fækkun árið 2015 miðað við meðaltal 2012-2014.




Mynd 2. Fjöldi brota árið 2015 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan<sup>4</sup>.

1. Tölurnar fyrir árið 2015 voru teknar út 07.01.2015 úr málaskrákerfi lögreglu. Miðað er við dagsetningu skráningar brots, þ.e. öll brot sem skráð voru árið 2015 eru talin, burtséð frá því hvenær brotið átti sér stað.  
 2. Tölur um fjölda brota árin 2006-2014 eru teknar úr afbrotatölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra, sjá: [http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat\\_id=691](http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=691)  
 3. Fjöldi umferðarlaga brota ræðst að miklu leyti af frumkvæðisvinnu lögreglu og virkni stafræna hraðamyndavéla sem getur verið breytileg. Nánari tölfræði um stafræna hraðamyndavélar má sjá á vefsíðu ríkislögreglustjóra: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/fraedilegar-rannsoknir/adrar-rannsoknir/>  
 4. Brot sem falla undir „manndráp og líkamsmeiðingar“. Fjöldun ofbeldisbrota má að einhverju leyti rekja til aukinnar skráningar á líkamsrásarsum (217 gr. alm. hgl). vegna meiri áherslu lögregluembættu á heimilisofbeldismál.

## Fjöldi brota á íbúa

Þegar fjöldi hegningarlaga brota er skoðaður eftir umdæmum má sjá að 80% hegningarlaga brota voru skráð hjá umdæmi lögreglunnar höfuðborgarsvæðinu, 5% á Suðurnesjum, 5% í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi, 4% á Norðurlandi eystra, 2% á Vesturlandi, 1% í Vestmannaeyjum, 1% á Vestfirðum, 1% á Austurlandi og 0,4% á Norðurlandi vestra.

Á mynd 3 má sjá fjölda hegningarlaga brota á hvern íbúa, þ.e. miðað við mannfjölda í hverju umdæmi fyrir sig. Flest hegningarlaga brot voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á hverja 10 þúsund íbúa, eða 446 brot. Þá voru næstflest skráð á íbúa í Vestmannaeyjum, eða 332 á hverja 10 þúsund íbúa.



**Mynd 3.** Fjöldi hegningarlaga brota á hverja 10 þúsund íbúa<sup>5</sup> árið 2015, greint eftir lögregluembættum (röð umdæma eftir fjölda íbúa).

## Fíkniefnabrot og magn fíkniefna


Þegar litið er til samanburðar á fjölda fíkniefnabrota<sup>6</sup> árið 2015 miðað við meðaltal árána 2012 til 2014 má sjá að brot voru færri í öllum brotaflokkum, nema í flutningi fíkniefna milli landa. Brotin voru 197 skv. bráðabirgðatölum 2015, en 233 árið á undan, 176 árið 2013 og 92 árið 2012. Varsla og meðferð fíkniefna voru 1.440 talsins, eða um 3/4 allra fíkniefnabrota (sjá mynd 4 á næstu síðu).

Þrátt fyrir að fíkniefnabrot væru 12% færri þegar litið er til heildarfjöldans (miðað við meðaltal síðustu þriggja ára), þá lagði lögregla og tollgæsla hald á talsvert magn fíkniefna árið 2015; um 214.000 stk. af e-töflum sem er mesta magn e-taflna sem fundist hefur hér á landi. Þá fundust 24,1 kg. af sama efni og 12,4 kg. af kókaini og 32,8 kg. af amfetamíni (sjá mynd 5 á næstu síðu)

5. Mannfjöldatölur miða við 1. jan. 2015.

6. Stórfelld fíkniefnabrot meðtalin.

### Fíkniefnabrot og magn fíkniefna frh.



Mynd 4. Fjöldi fíkniefnabrota árin 2012 til 2015 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun árið 2015 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

Tafla 1. Fíkniefni sem lagt var hald á af lögreglu og tollgæslu árin 2008 til 2015<sup>6</sup>.

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015*
Hass (g)	233.440	25.918	14.716	1.827	594	680	1.329	9.351
Kannabisplöntur (stk.)	893	11.713	9.339	7.570	6.430	6.669	4.065	4.079
Kannabisplöntur (g)	3.430	10.837	1.447	12.685	32.093	47.512	12.914	16.199
Maríhúana (g)	6.624	54.968	27.033	29.834	20.728	32.871	63.571	51.860
Tóbaksblandað hass (g)	358	163	379	321	309	433	361	341
Amfetamín (g)	10.741	80.069	11.137	31.839	12.169	34.189	4.784	32.818
Amfetamín (ml)	402	0	25.515	1.588	0	2.110	41	0
Methamfetamín (stk.)	0	5.995	0	0	0	0	0	0
Kókaín (g)	7.721	5.391	5.684	3.888	5.273	2.535	1.736	12.415
E-töflur (g)	117	5	155	287	1.176	116	149	24.106
E-töflur (stk.)	3.885	10.221	15.084	78.099	2.100	14.824	1.454	213.625
LSD (stk.)	407	6	504	4.489	14	115	2.761	737

\*Athuga skal að eitt eða fleiri stór fíkniefnamál geta haft mikil áhrif á heildartölur þess árs sem málið kemur upp. Upplýsingar sóttar í málaskrárkerfi lögreglu 7. jan. 2016.

6. Bráðabirgðatölur miða við magn sem hefur verið vigtað þegar úttekt gagna fór fram.

